

**Nd.**

**236. Breytingartillögur**

[73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1981, um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá Magnúsi H. Magnússyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Karvel Pálmasyni.

1. 1. gr. hljóði svo:

1. tl. 2. gr. laganna hljóði svo:

Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1982 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 1.5% á álagðan tekju- og eignarskatt þeirra, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 45 000 kr. Þá skal skattstjóri fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Enn fremur skal leggja 1.5% á álagðan tekju- og eignarskatt félaga á árinu 1982 og skulu tekjur af því renna með sama hætti til sjóðsins. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekju- og eignarskatt.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Fjármálaráðuneytið skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra jafnóðum innheimtum tekjum sjóðsins sem hlutfalli af innheimtum tekju- og eignarskatti á hverjum tíma.